44.þing Íþróttabandalags Reykjavíkur lauk á sunnudag með kjöri nýs formanns

þess, Ingvars Sverrissonar. Bjóðum við hann velkominn til starfa í íþróttamálum borgarinnar. Hann hefur starfað að í íþróttamálum í Reykjavík til margra ára og var m.a. formaður ÍTR um skeið. Ýmis góð mál voru samþykkt á þinginu m.a. um Rannsóknarmiðstöð fyrir í þróttir í Laugardal,sérstakan stuðning við afreksfólk okkar, samþykkt nýtt merki ÍBR og ýmsar þarfar ályktanir voru einnig samþykktar. Skotfélag Reykjavíkur átti 5 fulltrúa á þinginu en þeir voru Guðmundur Kr.Gíslason, Kjartan Friðriksson, Jórunn Harðardóttur, Sigfús T.Blumenstein og Vigni J.Vignisson.